

AUGLÝSING um deiliskipulag í Grundarfjarðarbæ.

Framnes, austan Nesvegjar vegna Nesvegjar 4a, óveruleg deiliskipulagsbreyting.

Bæjarráð Grundarfjarðarbæjar, sem fer með umboð bæjarstjórnar, samþykkti 2. júlí 2021 óverulega deiliskipulagsbreytingu á Nesvegi 4a.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum. Deiliskipulag Framness, austan Nesvegjar, var staðfest 13. mars 2008. Deiliskipulaginu var síðast breytt og það samþykkt 11. febrúar 2016.

Deiliskipulagsbreytingin nú nær til Nesvegjar 4a, þar sem byggingarreitur er stækkaður til suðurs og vesturs. Lóð 4a minnkar jafnframt vegna breikkunar á vegi austan við lóðina og færslu hafnargarðs, en stækkar til suðvesturs. Bygging sem var á lóðinni hefur verið fjarlægð. BK kóta er bætt inn en TK er óbreyttur. Nýtingarhlutfall helst óbreytt.

Óverulega deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Grundarfirði, 6. júlí 2021.

Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 6. júlí 2021